

Skilablað – Millidómstig – húsnæðismál

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leigu- húsnæði (leiguverkefni).

1 Upphaf verkefnis

Alþingi samþykkti, þann 7. júní 2016, að koma á fót millidómstigi í landinu, Landsrétti. Landsréttur er áfrýjunardómstóll sem hefur aðstöðu í Reykjavík.

Verkefnið var að greina þarfir vegna starfsemi Landsréttar, hvað varðar stærð og skipulag húsnæðis og meta stofn- og rekstrarkostnað hinna ýmsu lausna sem til greina þóttu koma.

Miðað var við að dómstóllinn myndi hefja starfsemi 1. janúar 2018.

Einnig var ákveðið að skoða hvort ástæða væri til að færa starfsemi Héraðsdóms Reykjavíkur í heppilegra húsnæði en í dag er dómurinn staðsettur við Lækjartorg.

Verkbeiðni barst frá fjármála- og efnahagsráðuneyti til FSR í október 2016.

Verkefnastjóri hjá FSR var Róbert Jónsson.

2 Verklýsing

Staðsetning verkefnis var hjá innanríkisráðuneyti (nú dómsmálaráðuneyti). Verkefnið fólst í að vinna þarfagreiningu og frumathugun fyrir þessa nýju stofnun ríkisins, Landsrétt, en einnig var ákveðið að bæta við verkefnið þannig að drög að frumathugun voru líka unnin fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Þann 3. ágúst 2016 fékk verkefnið verknúmerið 633 0110. Áður hafi verið með verknúmerið 633 0080 og þá var innanríkisráðuneytið (nú dómsmálaráðuneyti) greiðandi.

4 Framvinda

FSR vann drög að frumathugun og húsrýmisáætlun fyrir Landsrétt og var niðurstaða athugunarinnar sú að nauðsynleg stærð húsnæðis væri um 1.350 m².

Einnig voru unnin drög að frumathugun og húsrýmisathugun fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Þar voru niðurstöður varðandi stærð húsnæðis um 2.950 m² miðað við forsendur.

Frumathugun og húsrýmisáætlunin voru unnar í samráði við eftirtalda aðila:

- Pétur U. Fenger, innanríkisráðuneyti (nú dómsmálaráðuneyti),
- Ólöfu Finnsdóttur, framkvæmdastjóra dómstólaráðs.

Vinnu við drög að fyrrnefndum frumathugunum og húsrýmisáætlunum lauk í október 2016.

Þegar hér var komið sögu tók verkefnið U-beygju þar sem ákveðið var að koma starfsemi Landsréttar fyrir í húsnæðinu við Vesturvör 2 í Kópavogi til næstu fimm ára. Húsnæðið hýsti áður Siglinga- málstofnun ríkisins og var í eigu ríkisins. Þar með lauk aðkomu FSR að verkefninu, í bili að minnsta kosti, en nokkrum mánuðum síðar flutti Landsréttur inn í Vesturvör 2 í Kópavogi.

Breytingar á húsnæðinu voru á höndum Ríkiseigna.

5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 3.376.850 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða verkefnisins var að starfsemi Landsréttar var komið fyrir tímabundið við Vesturvör 2 í Kópavogi til næstu fimm ára.

7 Ákvörðun verkkaupa


Á ekki við.

8 Verklok

Verklok, hvað FSR varðar, voru í nóvember 2016.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.


Guðrún Ingvardsdóttir, forstjóri


Róbert Jónsson, verkefnastjóri